

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 788/2014**2024/EES/11/48****frá 18. júlí 2014****um ítarlegar reglur um álagningu sekta og févita og um afturköllun viðurkenninga stofnana sem sjá um skipaskoðun og -eftirlit skv. 6. og 7. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 391/2009 (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 391/2009 frá 23. apríl 2009 um sameiginlegar reglur og staðla fyrir stofnanir sem sjá um skipaskoðun og -eftirlit (1), einkum 2. mgr. 14. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Ákvæði 6. og 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 391/2009 veita framkvæmdastjórninni heimild til að leggja sektir og féviti á viðurkenndar stofnanir, eins og skilgreint er í 2. gr. þeirrar reglugerðar, eða að afturkalla viðurkenningu þeirra, til að tryggja framfylgd viðmiðanna og skyldnanna, sem ákvarðaðar eru samkvæmt þeirri reglugerð, sérstaklega í því skyni að afstýra hugsanlegri hættu sem steðjar að öryggi eða umhverfinu.
- 2) Í þágu gagnsæis er rétt að mæla fyrir um ítarlega málsmeðferð um ákvarðanatöku, í samræmi við 2. mgr. 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 391/2009, ásamt aðferðafræði við útreikninga framkvæmdastjórnarinnar á sektum og févitum þannig að viðkomandi stofnanir þekki aðferðirnar fyrir fram, þ.m.t. tiltekna viðmiðanir framkvæmdastjórnarinnar til að meta alvarleika málsins og að hve miklu leyti öryggi eða umhverfisvernd hefur verið stofnað í hættu.
- 3) Með innleiðingu sekta og févita ætti framkvæmdastjórnin að búa yfir frekari úrræðum, sem gera henni kleift að grípa til margbreytilegri, sveigjanlegri og aðlögunarhæfari viðbragða við brotum viðurkenndrar stofnunar á reglunum, sem er að finna í reglugerð (EB) nr. 391/2009, samanborið við afturköllun viðurkenningar hennar.
- 4) Féviti ættu að vera skilvirk þannig að þau tryggi að brugðist sé við því, án tafar og með viðeigandi úrræðum, þegar skyldur og kröfur, sem mælt er fyrir um í reglugerð (EB) nr. 391/2009, eru ekki uppfylltar. Í reglugerð (EB) nr. 391/2009 er framkvæmdastjórninni því veitt heimild til að leggja á féviti, að loknum hæfilegum fresti, þegar viðurkennd stofnun hefur ekki gripið til þeirra fyrirbyggjandi ráðstafana og aðgerða til úrbóta sem framkvæmdastjórnin krefst, þar til hlutaðeigandi viðurkennd stofnun hefur gripið til nauðsynlegra aðgerða. Í ljósi aðstæðna í hverju máli fyrir sig er heimilt að hækka smám saman fjárhæð févita á dag, ef nauðsyn krefur, til að endurspeglja hversu brýnar aðgerðirnar, sem farið er fram á, eru.
- 5) Í ljósi þess að stofnanir eru mismunandi að stærð reynist einföld aðferð til að gera sektir og féviti letjandi, á sama tíma og þau verða áfram í réttu hlutfalli við bæði alvarleika málsins og efnahagslega getu viðkomandi stofnana, að reikna þau sem hluta af veltu stofnunarinnar með tilliti til hámarksfjárhæðarinnar sem ákvörðuð er í samræmi við reglugerð (EB) nr. 391/2009.
- 6) Í þágu gagnsæis og réttarvissu ætti að setja fram með skýrum hætti við hvaða mismunandi aðstæður ætti að leggja á samanlagða heildarfjárhæð sekta og févita. Af sömu ástæðum ætti einnig að mæla fyrir um hvernig samanlögð meðalvelta næstliðinna þriggja rekstrarára viðkomandi starfsemi, sem fellur undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 391/2009, er reiknuð út fyrir hverja viðurkennda stofnun.
- 7) Rétt þykir að við ákvörðun á því að afturkalla viðurkenningu stofnunar á grundvelli skilyrðanna, sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 391/2009, séu skoðaðir allir þætti, sem tengjast meginmarkmiðinu með vöktun starfsemi og heildarafkasta viðurkenndra stofnana, þ.m.t. skilvirkni allra sekta og févita sem þegar hafa verið lögð á vegna endurtekinna og alvarlegra brota á þeirri reglugerð.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 214, 19.7.2014, bls. 12. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 326/2023 frá 8. desember 2023 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjtið. ESB L 131, 28.5.2009, bls. 11.

- 8) Mæla ætti fyrir um sértæka málsmeðferð til að gera framkvæmdastjórninni kleift, hvort sem er að eigin frumkvæði eða að beiðni eins eða fleiri aðildarríkja, að afturkalla viðurkenningu stofnunar, samkvæmt reglugerð (EB) nr. 391/2009, til viðbótar við heimild framkvæmdastjórnarinnar til að meta viðurkenndar stofnanir og leggja á sektir og fávíti samkvæmt málsmeðferðinni sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð.
- 9) Mikilvægt er að ákvörðunin um að leggja á sektir og fávíti eða að afturkalla viðurkenningu, í samræmi við þessa reglugerð, byggist eingöngu á ástæðum sem hlutaðeigandi viðurkennd stofnun hefur fengið tækifæri til að gera athugasemdir við.
- 10) Í þessari reglugerð eru grundvallarréttindi virt og meginreglunum, sem eru viðurkenndar í sáttmála Evrópusambandsins um grundvallarréttindi, fylgt, einkum að því er varðar rétt til varnar og meginregluna um trúnaðarkvöð og regluna um tvöfalt refsinemi í samræmi við almennar meginreglur laga og dómaframkvæmd Evrópudómstólsins.
- 11) Ákvarðanir um álagningu sekta og fávíta, í samræmi við þessa reglugerð, ættu að vera framfylgjanlegar í samræmi við 299. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins og geta þær verið háðar endurskoðun Evrópudómstólsins.
- 12) Til þess að tryggja sanngirni og réttarvissu við framkvæmd málsmeðferðarinnar er nauðsynlegt að mæla fyrir um ítarlegar reglur um útreikning á frestum, sem framkvæmdastjórnin ákveður meðan á málsmeðferðinni stendur, og um fyrningarfresti, sem gilda um framkvæmdastjórnina, að því er varðar álagningu og fullnustu sekta og fávíta, með tilliti til gildistökudags reglugerðar (EB) nr. 391/2009.
- 13) Framfylgd þessarar reglugerðar krefst skilvirkrar samvinnu á milli hlutaðeigandi aðildarríkja, framkvæmdastjórnarinnar og Siglingaöryggisstofnunar Evrópu. Því er nauðsynlegt að skýra réttindi og skuldbindingar hvers aðila um sig í verklagsreglunum, sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð, til að tryggja skilvirka framkvæmd ferla við rannsókn, ákvarðanatöku og eftirfylgni skv. 6. og 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 391/2009.
- 14) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar um öryggi á höfunum og varnir gegn mengun frá skipum, sem komið var á fót með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2099/2002 ⁽¹⁾.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

I. KAFLI

ALMENN ÁKVÆÐI

1. gr.

Efni

Í þessari reglugerð er mælt fyrir um reglur um framkvæmd framkvæmdastjórnarinnar á 6. og 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 391/2009.

Þar eru settar fram viðmiðanir um ákvörðun fjarhæða sekta og fávíta, tilhögun ákvarðanatöku við álagningu sekta og fávíta eða um afturköllun viðurkenningar viðurkenndrar stofnunar, að frumkvæði framkvæmdastjórnarinnar eða að beiðni aðildarríkis.

2. gr.

Skilgreiningar

Í þessari reglugerð gilda skilgreiningarnar sem settar eru fram í 2. gr. reglugerðar (EB) nr. 391/2009.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 324, 29.11.2002, bls. 1.

Að auki er merking eftirfarandi hugtaks sem hér segir:

„hlutaðeigandi aðildarríki“: aðildarríki sem hefur falið viðurkenndri stofnun skipaskoðun, -eftirlit og skirteinisútgáfu að því er varðar skip, sem sigla undir fána þess, í því skyni að fara að alþjóðasamningum, í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/15/EB frá 23. apríl 2009 um sameiginlegar reglur og staðla fyrir stofnanir sem sjá um skipaskoðun og -eftirlit og fyrir tilheyrandi starfsemi siglingamálayfirvalda ⁽¹⁾, þ.m.t. aðildarríki sem hefur lagt beiðni fyrir framkvæmdastjórnina um viðurkenningu á þeirri stofnun í samræmi við 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 391/2009.

II. KAFLI

SEKTIR OG FÉVÍTI

3. gr.

Staðfesting brota

1. Framkvæmdastjórnin skal staðfesta brot skv. 1. mgr. 6. gr. reglugerðar (EB) nr. 391/2009:
 - a) ef viðurkennd stofnun lætur undir höfuð leggjast, með alvarlegum og endurteknum hætti, að fara að einhverjum af lágmarksviðmiðunum, sem settar eru fram í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 391/2009, eða að uppfylla skyldur sínar skv. 8. gr. (4. mgr.), 9., 10. og 11. gr. reglugerðar (EB) nr. 391/2009 sem leiðir í ljós alvarlega ágalla á skipulagi viðurkenndrar stofnunar, verklagsreglum eða innra eftirliti,
 - b) ef versnandi frammistaða viðurkenndrar stofnunar, með tilliti til ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar nr. 2009/491/EB ⁽²⁾, leiðir í ljós alvarlega ágalla á skipulagi viðurkenndrar stofnunar, verklagsreglum eða innra eftirliti,
 - c) ef viðurkennd stofnun hefur visvitandi lagt fyrir framkvæmdastjórnina rangar, ófullnægjandi eða villandi upplýsingar í tengslum við matið eða hindrað þetta mat með öðrum hætti.
2. Í allri málsmeðferð vegna brota, samkvæmt þessari reglugerð, skal sönnunarbyrðin hvíla á framkvæmdastjórninni.

4. gr.

Útreikningur á sektum

1. Upphaflega skal leggja á grunnsekt fyrir hvert brot, eins og ákvarðað er skv. 1. mgr. 6. gr. reglugerðar (EB) nr. 391/2009, sem nemur 0,6% af samanlagðri meðalveltu viðurkenndrar stofnunar, eins og ákvarðað er í samræmi við 9. gr.
2. Vegna útreiknings á einstökum sektum fyrir hvert brot, skal hækka eða lækka grunnsektina, sem um getur í 1. mgr., á grundvelli alvarleika brotsins og áhrifa þess, einkum að hve miklu leyti öryggi eða umhverfisvernd hefur verið stofnað í hættu, í samræmi við 5. og 6. gr.
3. Hámarksfjárhæð hvernar einstakrar sektar skal ekki fara yfir 1,8% af samanlagðri meðalveltu viðurkenndrar stofnunar.
4. Þegar einstök aðgerð eða aðgerðaleysi viðurkenndrar stofnunar er eina ástæða tveggja eða fleiri brota, samkvæmt a-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar (EB) nr. 391/2009, sem staðfest eru í samræmi við a-lið 1. mgr. 3. gr. þessarar reglugerðar, skal samsvarandi einstök sekt vera hæsta einstaka sektin sem reiknuð er út fyrir viðkomandi brot.
5. Samanlögð sekt, sem lögð er á viðurkennda stofnun í einni ákvörðun, skal vera summa allra einstakra sekta, sem leiða af beitingu 1.–4. mgr. þessarar greinar, með fyrirvara um hámarksfjárhæðina, sem ákvörðuð er í 3. mgr. 6. gr. reglugerðar (EB) nr. 391/2009, eins og lýst er nánar í 8. gr. þessarar reglugerðar.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 131, 28.5.2009, bls. 47.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 162, 25.6.2009, bls. 6.

5. gr.

Mat á alvarleika brots

Þegar alvarleiki brots er metinn skal framkvæmdastjórnin taka tillit til allra íþyngjandi og mildandi aðstæðna, einkum eftirfarandi:

- a) hvort stofnunin hafi sýnt af sér gáleysi eða hvort um ásetning sé að ræða,
- b) hve oft viðurkennd stofnun grípur til aðgerða og hve oft ekki sem leiðir af sér brot,
- c) hvort brotið hafi áhrif á einangraðar deildir, landsvæði eða alla stofnunina,
- d) endurtekinna aðgerða eða aðgerðaleyxis viðurkenndrar stofnunar sem leiðir af sér brotið,
- e) hversu lengi brotið stendur yfir,
- f) rangra upplýsinga um raunverulegt ástand skipa í skirteinum og samræmingarskjölum, sem viðurkennda stofnunin lætur afhendi, eða að skirteinin og skjölin innihaldi rangar eða misvisandi upplýsingar,
- g) fyrri viðurlaga, þ.m.t. sekta, sem lagðar hafa verið á sömu viðurkenndu stofnunina,
- h) hvort brotin séu vegna samninga á milli viðurkenndra stofnana eða samstilltra aðgerða, sem hafa það að markmiði eða valda því að viðmiðanir og skyldurnar, sem kveðið er á um í reglugerð (EB) nr. 391/2009, eru ekki uppfylltar,
- i) kostgæfni og samstarfsvilja viðurkenndu stofnunarinnar þegar viðkomandi aðgerð eða aðgerðaleyxi uppgötvast ásamt staðfestingu framkvæmdastjórnarinnar um að brot hafi verið framið.

6. gr.

Mat á áhrifum brots

Við mat á áhrifum hvers brots, einkum að hve miklu leyti öryggi eða umhverfisvernd hefur verið stofnað í hættu, skal framkvæmdastjórnin taka tillit til allra íþyngjandi og mildandi aðstæðna sem skipta máli, einkum:

- a) eðlis og umfangs ágalla, sem hafa raunveruleg eða hugsanleg áhrif á flotann, sem stofnunin vottar, og sem fyrrnefnd stofnun, sem vegna afleiðinga brotsins, hefur ekki getað greint eða er jafnvel ekki fær um að greina eða hefur ekki eða er hugsanlega ekki fær um að óska tímanlega eftir úrbótum á, einkum með tilliti til viðmiðananna um farbann, sem lagt er á skip, sem mælt er fyrir um í X. viðauka tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins ⁽¹⁾ 2009/16/EB um hafnarríkiseftirlit,
- b) hlutfalls af flotanum, sem stofnunin vottar, sem verður fyrir raunverulegum áhrifum eða gæti hugsanlega orðið fyrir áhrifum,
- c) allra annarra aðstæðna, sem geta skapað hugsanlega greinanlega áhættu, s.s. gerð skipa sem verða fyrir raunverulegum eða hugsanlegum áhrifum.

7. gr.

Févíti

1. Framkvæmdastjórnin getur lagt févíti, eins og um getur í 2. mgr. 6. gr. reglugerðar (EB) nr. 391/2009, á hlutaðeigandi stofnun, með fyrirvara um sektirnar, sem lagðar eru á skv. 3. gr., til að tryggja að gripið sé til fyrirbyggjandi ráðstafana og aðgerða til úrbóta, sem framkvæmdastjórnin krefst á meðan hún framkvæmir mat sitt á viðkomandi viðurkenndri stofnun.

2. Í ákvörðun sinni um að leggja á sektir, skv. 3. gr., er framkvæmdastjórninni einnig heimilt að ákvarða févíti, sem á að leggja á viðurkennda stofnun, ef og svo fremi að hún gripi ekki til aðgerða til úrbóta eða ef um er að ræða órókstuddar tafir á því að brotin séu stöðvuð.

3. Í ákvörðun um að leggja á févíti skal ákveða frestinn sem viðurkennd stofnun hefur til að grípa til þeirra aðgerða sem krafist er.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 131, 28.5.2009, bls. 57.

4. Fávítu skulu gilda frá og með deginum eftir að fresturinn, sem ákveðinn er í samræmi við 3. mgr., rennur út og þar til stofnunin hefur gripið til viðeigandi aðgerða til úrbóta, að því tilskildu að framkvæmdastjórnin telji aðgerðirnar til úrbóta fullnægjandi.

5. Grunnfjárhæð fávítu á dag fyrir hvert brot, sem er reiknuð út í samræmi við 9. gr., skal vera 0,0033% af samanlagðri meðalveltu viðurkenndrar stofnunar. Við útreikning á einstökum fávítum fyrir hvert brot skal aðlaga grunnfjárhæðina að alvarleika brotsins og með tilliti til þess að hve miklu leyti öryggi eða umhverfisvernd hefur verið stofnað í hættu, í ljósi 5. og 6. gr. þessarar reglugerðar.

6. Framkvæmdastjórnin getur ákveðið, í ljósi aðstæðna í hverju máli fyrir sig, og einkum í ljósi þess hversu brýnt er að viðkomandi stofnun gripri til aðgerða til úrbóta, að hækka fjárhæð fávítu á dag upp að eftirfarandi mörkum:

a) þegar viðurkennd stofnun fer meira en 120 daga fram yfir frestinn, sem ákvarðaður er skv. 3. mgr., frá 121. degi til 300. dags eftir að fresturinn rennur út, þar sem um er að ræða 0,005% af samanlagðri meðalveltu á dag, reiknað út í samræmi við 9. gr.,

b) þegar viðurkennd stofnun fer meira en 300 daga fram yfir frestinn, frá 301. degi eftir að fresturinn rennur út, þar sem um er að ræða 0,01% af samanlagðri meðalveltu á dag, reiknað út í samræmi við 9. gr.,

7. Heildarfjárhæð fávítu, sem lögð eru á samkvæmt þessari grein, stök eða til viðbótar við sektir, skal ekki fara yfir hámarksfjárhæðina, sem ákvörðuð er skv. 3. mgr. 6. gr. reglugerðar (EB) nr. 391/2009, eins og lýst er nánar í 8. gr. þessarar reglugerðar.

8. gr.

Ákvörðun samanlagðrar hámarksfjárhæðar sekta og fávítu

Samanlögð hámarksfjárhæð sekta og fávítu, sem lögð eru á viðurkennda stofnun, eins og kveðið er á um í 3. mgr. 6. gr. reglugerðar (EB) nr. 391/2009, skal ákvörðuð eins og hér segir:

a) heildarfjárhæð sekta, sem lögð er á viðurkennda stofnun í samræmi við 4. gr., á einu rekstrarári þeirrar stofnunar, með tilliti til dagsetningar ákvörðunarinnar um að leggja á sektir, ef um er að ræða fleiri en eina ákvörðun um álagningu sekta á þá stofnun, þá frá dagsetningu fyrstu ákvörðunarinnar um að leggja sekt á þá stofnun, skal ekki fara yfir 5% af samanlagðri meðalveltu þeirrar stofnunar, reiknað út í samræmi við 9. gr.,

b) samanlögð fjárhæð sekta, sem lögð er á viðurkennda stofnun í samræmi við 4. gr., á einu rekstrarári þeirrar stofnunar, sem ákvörðuð er í samræmi við 1. mgr., og fávítu, sem lögð eru á með sömu ákvörðun í samræmi við 2. mgr. 7. gr., sem safnast upp svo fremi að stofnun hafi ekki gripið til viðeigandi aðgerða til úrbóta, skal ekki fara yfir 5% af samanlagðri heildarveltu þeirrar stofnunar, reiknað út í samræmi við 9. gr.; innheimta framkvæmdastjórnarinnar á fávítum skal ekki fara yfir 5% hámarkið, sbr. þó 21. gr.,

c) samanlögð fjárhæð fávítu, sem lögð er á viðurkennda stofnun í samræmi við 1. mgr. 7. gr., sem safnast upp svo fremi að stofnunin hafi ekki gripið til viðeigandi fyrirbyggjandi ráðstafana eða aðgerða til úrbóta, skal ekki fara yfir 5% af samanlagðri meðalveltu þeirrar stofnunar, reiknað út í samræmi við 9. gr. Innheimta framkvæmdastjórnarinnar á fávítum skal ekki fara yfir 5% hámarkið, sbr. þó 21. gr.

9. gr.

Útreikningur á veltu

1. Í þessari reglugerð skal samanlögð meðalvelta hlutaðeigandi viðurkenndrar stofnunar vera einn þriðji af fjárhæðinni, sem fengin er með því að leggja saman samanlagða heildarveltu þriggja rekstrarára áður en ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar er lögð fram, samanlagða heildarveltu móðurfélagsins, sem er viðurkennda stofnunin, og allra lögaðila, sem viðurkenningin tekur til, í lok hvers árs.

2. Ef um er að ræða samstæðu með vottuð samstæðureikningsskil skal veltan, sem um getur í 1. mgr., að því er varðar móðurfélagið og alla lögaðila í þeirri samstæðu, sem eru hluti af viðurkenningunni í lok hvers rekstrarárs, vera samanlagðar tekjur þessara eininga.
3. Við beitingu 1. og 2. mgr. skal aðeins taka tillit til þeirrar starfsemi sem fellur undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 391/2009.

III. KAFLI

AFTURKÖLLUN VIÐURKENNINGAR

10. gr.

Afturköllun viðurkenningar

1. Framkvæmdastjórnin getur, að eigin frumkvæði eða að ósk aðildarríkis, samþykkt ákvörðun um að afturkalla viðurkenningu stofnunar í tilvikunum, sem um getur í a- til e-lið 1. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 391/2009.
2. Til að ákvarða hvort endurtekin og alvarleg vanræksla telst vera óviðunandi ógnun við öryggi eða umhverfisvernd, í samræmi við a- og b-lið 1. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 391/2009, skal taka tillit til eftirfarandi þátta:
 - a) upplýsinga og aðstæðna, sem um getur í 2. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 391/2009, einkum í ljósi aðstæðnanna, sem um getur í 5. og 6. gr. þessarar reglugerðar,
 - b) viðmiðananna og, eftir atvikum, viðmiðunarmarkanna sem skilgreind eru í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/491/EB.
3. Þegar sektir og févítí, sem eru lögð á viðurkennda stofnun, ná hámarkinu, sem ákvarðað er í samræmi við 3. mgr. 6. gr. reglugerðar (EB) nr. 391/2009, og viðurkennda stofnunin hefur ekki gripið til viðeigandi aðgerða til úrbóta, getur framkvæmdastjórnin álitnið svo að þessar ráðstafanir hafi ekki náð því markmiði að afstýra hugsanlegri hættu sem stöðjar að öryggi eða umhverfi.

11. gr.

Málsmeðferð um afturköllun viðurkenningar að ósk aðildarríkis

1. Þegar aðildarríki óskar eftir að framkvæmdastjórnin afturkalli viðurkenningu stofnunar, í samræmi við 3. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 391/2009, skal það beina skriflegri beiðni til framkvæmdastjórnarinnar.
2. Aðildarríkið, sem leggur fram beiðnina, skal rökstyðja ítarlega ástæðurnar fyrir beiðninni og vísa í, eins og við á, viðmiðanirnar, sem taldar eru upp í 1. mgr. 7. gr., og aðstæðurnar, sem taldar eru upp í 2. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 391/2009, ásamt aðstæðunum sem taldar eru upp í 2. og 3. mgr. 10. gr. þessarar reglugerðar.
3. Aðildarríkið, sem leggur fram beiðnina, skal láta framkvæmdastjórninni í té allar nauðsynlegar skjalfestar sannanir, flokkaðar og númeraðar á viðeigandi hátt.
4. Framkvæmdastjórnin skal staðfesta skriflega móttöku beiðnar aðildarríkisins.
5. Telji framkvæmdastjórnin þörf á viðbótarupplýsingum, skýringum eða sönnunum til að hún geti tekið ákvörðun, skal hún tilkynna það aðildarríkinu, sem leggur fram beiðnina, og hvetja það til að bæta gögnum við framlagðar upplýsingar, eins og við á, innan tilgreinds frests sem skal að lágmarki vera fjórar vikur. Beiðni aðildarríkisins skal ekki teljast fullnægjandi fyrr en allar nauðsynlegar upplýsingar hafa verið lagðar fram.
6. Innan árs frá því að fullnægjandi beiðni var móttækin skal framkvæmdastjórnin, ef hún kemst að þeirri niðurstöðu að beiðni aðildarríkisins sé réttlæt看leg, beina yfirlýsingu um andmæli til hlutaðeigandi stofnunar, í samræmi við 12. gr., með það í huga að afturkalla viðurkenningu hennar í samræmi við þessa reglugerð. Í slíku tilviki skal veita aðildarríkinu, sem leggur fram beiðnina, þá meðferð og þau réttindi sem hlutaðeigandi aðildarríki hefur, skv. IV. kafla þessarar reglugerðar.

Ef framkvæmdastjórnin kemst að þeirri niðurstöðu, innan sama frests, að beiðni aðildarríkisins sé ekki réttlæt看leg, skal hún tilkynna það aðildarríkinu, sem lagði fram beiðnina, greina frá ástæðum þess og hvetja það til að leggja fram athugasemdir sínar innan tilgreinds frests sem skal að lágmarki vera þrjár mánuðir. Innan sex mánaða frá því að framkvæmdastjórnin móttækur þessar athugasemdir skal hún annaðhvort staðfesta að beiðnin sé ekki réttlæt看leg eða gefa út yfirlýsingu um andmæli í samræmi við fyrstu undirgrein.

7. Ef framkvæmdastjórnin kemst að þeirri niðurstöðu að beiðni aðildarríkisins sé ekki réttlætanleg eða að hún sé ekki fullnægjandi eftir að fresturinn, sem um getur í 5. mgr., er liðinn, getur framkvæmdastjórnin valið að fella alla beiðnina eða hluta hennar og fylgigögn hennar inn í matið á viðurkenndu stofnuninni sem fer fram í samræmi við 8. gr. reglugerðar (EB) nr. 391/2009.

8. Framkvæmdastjórnin skal árlega tilkynna nefnd um öryggi á höfunum og varnir gegn mengun frá skipum um beiðnir um afturköllun, sem aðildarríkin hafa lagt fram, ásamt yfirstandandi málsmeðferð um afturköllun sem framkvæmdastjórnin hóf.

IV. KAFLI

SAMEIGINLEG ÁKVÆÐI

12. gr.

Yfirlýsing um andmæli

1. Telji framkvæmdastjórnin að til staðar séu ástæður til að leggja sekt og féviti á viðurkennda stofnun, í samræmi við 6. gr. reglugerðar (EB) nr. 391/2009, eða afturkalla viðurkenningu, í samræmi við 7. gr. þeirrar reglugerðar, skal hún beina yfirlýsingu um andmæli til stofnunarinnar og tilkynna það hlutaðeigandi aðildarríki.

2. Yfirlýsingin um andmæli skal fela í sér:

- a) nákvæma greinagerð um aðgerðir og aðgerðaleyfi viðurkenndrar stofnunar, þ.m.t. lýsingu á viðkomandi málsatvikum og tilgreiningu ákvæða reglugerðar (EB) nr. 391/2009, sem framkvæmdastjórnin telur að viðurkennda stofnunin hefur brotið,
- b) tilgreiningu þeirra sannana, sem viðkomandi niðurstöður byggjast á, þ.m.t. tilvísun í skoðunarskýrslur, matsskýrslur eða önnur gögn sem skipta máli og framkvæmdastjórnin eða Siglingaöryggisstofnun Evrópu, fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar, hefur áður sent hlutaðeigandi stofnun,
- c) tilkynningu um að framkvæmdastjórninni sé heimilt að leggja á sektir og féviti eða afturkalla viðurkenningu í samræmi við 6. og 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 391/2009.

3. Þegar framkvæmdastjórnin tilkynnir um yfirlýsingu um andmæli skal hún hvetja viðurkennda stofnunina og hlutaðeigandi aðildarríki til að leggja fram skriflegar athugasemdir innan tilgreinds frests sem skal í engu tilviki vera styttri en sex vikur frá viðtökudegi andmælanna. Framkvæmdastjórninni skal ekki vera skylt að taka tillit til framlagðra gagna, sem berast eftir að fresturinn rennur út, sbr. þó ákvæði 4. mgr. 24. gr. þessarar reglugerðar.

4. Tilkynning um yfirlýsingu um andmæli frestar ekki mati á hlutaðeigandi stofnun. Áður en ákvörðun um að leggja á sektir og féviti eða afturkalla viðurkenningu, í samræmi við þessar reglugerð, hefur verið samþykkt getur framkvæmdastjórnin, hvenær sem er, ákveðið að framkvæma frekari skoðanir á skrifstofum og aðstöðu stofnunar, heimsækja skip, sem stofnunin hefur vottað, eða óska skriflega eftir að viðurkennda stofnunin veiti viðbótarupplýsingar um hvort hún uppfylli viðmiðanirnar og skyldurnar samkvæmt reglugerð (EB) nr. 391/2009.

5. Áður en ákvörðun um að leggja á sektir og féviti eða afturkalla viðurkenningu, í samræmi við þessa reglugerð, getur framkvæmdastjórnin, hvenær sem er, breytt mati sínu á hlutaðeigandi viðurkenndri stofnun. Ef nýja matið er ólíkt matinu, sem var ástæða yfirlýsingar um andmæli, vegna þess að ný málsatvik hafa komið fram eða vegna nýrra brota eða nýrra aðstæðna varðandi alvarleika brots eða áhrif þess á öryggi og umhverfi hafa komið í ljós skal framkvæmdastjórnin gefa út nýja yfirlýsingu um andmæli.

13. gr.

Beiðnir um upplýsingar

Til þess að skýra nánar málsatvik, að því er varðar 12. gr., getur framkvæmdastjórnin óskað skriflega eftir að viðurkennd stofnun láti í té skriflegar eða munnlegar skýringar eða upplýsingar eða skjöl, innan tilgreinds frests, sem skal í engu tilviki vera styttri en fjórar vikur. Í slíku tilviki skal framkvæmdastjórnin tilkynna viðurkennda stofnuninni um féviti og sektir sem kunna að verða lagðar á ef hún uppfyllir ekki beiðnina eða ef um er að ræða óréttlætanlega seinkun á því að upplýsingar séu veittar eða ef stofnunin hefur vísitandi látið framkvæmdastjórninni í té rangar, ófullnægjandi eða villandi upplýsingar.

*14. gr.***Munnleg skýrslugjöf**

1. Að beiðni viðurkenndrar stofnunar, sem yfirlýsingu um andmæli hefur verið beint til, skal framkvæmdastjórnin gefa þeirri stofnun tækifæri til að rökstyðja mál sitt í munnlegri skýrslugjöf.
2. Framkvæmdastjórnin skal bjóða lögbærum yfirvöldum í hlutaðeigandi aðildarríkjum og er ennfremur heimilt, að eigin frumkvæði eða að beiðni hlutaðeigandi aðildarríkja, að bjóða öðrum aðilum, sem hafa lögmætra hagsmuna að gæta varðandi brotin, að taka þátt í munnlegu skýrslugjöfni. Framkvæmdastjórnin getur óskað eftir aðstoð Siglingaöryggisstofnunar Evrópu.
3. Einstaklingar eða lögaðilar, sem boðið er að taka þátt í skýrslugjöfni, skulu annaðhvort mæta í eigin persónu eða senda löglega eða viðurkennda fulltrúa sína. Fulltrúar aðildarríkja skulu vera embættismenn í því aðildarríki.
4. Munnleg skýrslugjöf skal ekki vera opinber. Einstaklingar, sem hvattir eru til að taka þátt í skýrslugjöfni, skulu gefa skýrslu hver fyrir sig eða í viðurvist annarra, sem hafa verið boðaðir, og tekið skal tillit til lögmætra hagsmuna viðurkenndu stofnunarinnar og annarra aðila sem vilja varðveita viðskiptaleyndarmál sín og aðrar trúnaðarupplýsingar.
5. Skrá skal málf lutning allra sem gefa skýrslu. Þeir sem gefa skýrslu og hlutaðeigandi aðildarríki skulu fá aðgang að skráðum málf lutningi ef þeir óska eftir því.

*15. gr.***Févíti vegna skorts á samstarfsvilja**

1. Hyggist framkvæmdastjórnin samþykkja ákvörðun um álagningu févita, eins og um getur í 1. mgr. 7. gr., á viðurkennda stofnun, sem hefur ekki gripið til þeirra fyrirbyggjandi ráðstafana og aðgerða til úrbóta sem framkvæmdastjórnin krefst eða ef um er að ræða órökstuddar tafir á þeim, skal hún fyrst tilkynna viðurkennda stofnuninni skriflega um slíka ákvörðun.
2. Í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar, í samræmi við 1. mgr., skal vera tilvísun í tilteknar fyrirbyggjandi ráðstafanir og aðgerðir til úrbóta, sem viðurkennda stofnunin hefur ekki gripið til, sem og sönnun því til stuðnings og tilkynna skal viðurkennda stofnuninni um févíti sem framkvæmdastjórnin íhugar að leggja á.
3. Framkvæmdastjórnin skal ákveða frestinn sem viðurkennda stofnunin hefur til að leggja skriflegar athugasemdir fyrir framkvæmdastjórnina. Framkvæmdastjórninni er ekki skylt að taka tillit til skriflegra athugasemda sem berast eftir að fresturinn er útrunninn.

*16. gr.***Aðgangur að málsskjölum**

1. Að beiðni viðurkenndrar stofnunar, sem yfirlýsingu um andmæli hefur verið beint til, skal framkvæmdastjórnin veita aðgang að málsskjölum sem innihalda gögn og aðrar sannanir sem safnað hefur verið um meint brot.
2. Framkvæmdastjórnin skal ákveða dagsetningu og gera viðeigandi hagnýtar ráðstafanir til að viðurkennda stofnunin fái aðgang að málsskjölunum sem aðeins má veita á rafrænu formi.
3. Framkvæmdastjórnin skal hafa aðgengilega skrá yfir öll gögn í málsskjölunum, að beiðni hlutaðeigandi viðurkenndrar stofnunar.
4. Hlutaðeigandi viðurkennd stofnun skal hafa heimild til að fá aðgang að gögnum og upplýsingum í málsskjölunum. Þegar framkvæmdastjórnin heimilar slíkan aðgang skal hún taka tilhlýðilegt tillit til viðskiptaleyndarmála, trúnaðarupplýsinga eða hvort um sé að ræða innanhússkjöl sem framkvæmdastjórnin eða Siglingaöryggisstofnun Evrópu hefur gefið út.
5. Að því er varðar 4. mgr. geta innanhússkjöl framkvæmdastjórnarinnar og Siglingaöryggisstofnunar Evrópu m.a. verið:
 - a) gögn eða hluti af gögnum sem varða innri umfjöllun framkvæmdastjórnarinnar og þjónustu hennar og Siglingaöryggisstofnunar Evrópu, þ.m.t. álit og tilmæli Siglingaöryggisstofnunar Evrópu sem beint er til framkvæmdastjórnarinnar,
 - b) gögn eða hluti af gögnum sem mynda hluta af bréfaskiptum á milli framkvæmdastjórnarinnar og Siglingaöryggisstofnunar Evrópu eða á milli framkvæmdastjórnarinnar og aðildarríkjana.

17. gr.

Málflutningsþjónusta

Viðurkennd stofnun skal hafa rétt á málflutningsþjónustu á öllum stigum málsmeðferðarinnar samkvæmt þessari reglugerð

18. gr.

Trúnaðarkvöð, þagnarskylda og rétturinn til að tjá sig ekki (e. *right to remain silent*)

1. Málsmeðferð samkvæmt þessari reglugerð skal fara fram í samræmi við meginreglurnar um trúnaðarkvöð og þagnarskyldu.
2. Framkvæmdastjórninni, Siglingaöryggisstofnun Evrópu, yfirvöldum hlutaðeigandi aðildarríkja ásamt embættismönnum þeirra, opinberum stafsmonnum og öðrum aðilum, sem vinna undir stjórn þeirra, er óheimilt að láta öðrum í té upplýsingar sem þeir öðlast eða skiptast á samkvæmt þessari reglugerð og eru þess eðlis að þær falli undir þagnarskyldu og trúnaðarkvöð embættismanna.
3. Allar viðurkenndar stofnanir eða aðrir aðilar, sem leggja fram upplýsingar eða athugasemdir samkvæmt þessari reglugerð, skulu tilgreina á skýran hátt allt efni, sem telst vera trúnaðarupplýsingar, og rökstyðja það sem og leggja fram sérútgáfu, þar sem trúnaðarmálum er sleppt, innan frests sem framkvæmdastjórnin setur.
4. Framkvæmdastjórnin getur einnig krafist þess að viðurkennd stofnun og aðrir hagsmunaaðilar tilgreini þá hluta skýrslu, yfirlýsingar um andmæli eða ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar, sem, að þeirra áliti, innihalda viðskiptaleyndarmál.
5. Ef ekki er fyrir hendi tilgreiningin, sem um getur í 3. og 4. mgr., getur framkvæmdastjórnin gengið út frá því að engar trúnaðarupplýsingar séu í viðkomandi skjölum eða athugunum.
6. Með fyrirvara um 9. gr. reglugerðar (EB) nr. 391/2009 hefur viðurkennd stofnun rétt til að tjá sig ekki í tilvikum þar sem hún yrði annars knúin til að veita svör sem gætu falið í sér viðurkenningu á þátttöku hennar í broti.

19. gr.

Ákvörðun

1. Ákvörðun um að leggja á sektir, fávíti eða að afturkalla viðurkenningu, samkvæmt þessari reglugerð, skal eingöngu byggjast á ástæðum sem hlutaðeigandi viðurkennd stofnun hefur fengið tækifæri til að gera athugasemdir við.
2. Í ákvörðuninni um að leggja á sekt eða fávíti og ákvörðun viðeigandi fjárhæðar skal taka tillit til meginreglnanna um skilvirkni, meðalhóf og letjandi áhrif.
3. Þegar gerðar eru ráðstafanir í samræmi við þessa reglugerð og alvarleiki og áhrif viðkomandi aðgerða eða aðgerðaleyysis á öryggi og umhverfi eru ákvörðuð skal framkvæmdastjórnin taka tillit til landsráðstafana, sem þegar hefur verið gripið til á grundvelli sömu málsatvika gegn hlutaðeigandi viðurkenndri stofnun, einkum ef stofnunin hefur þegar gengist undir dóms- eða framfylgdarmálsmeðferð.
4. Ekki skal gera frekari ráðstafanir vegna aðgerða eða aðgerðaleyysis viðurkenndrar stofnunar þar sem gerðar hafa verið ráðstafanir í samræmi við þessa reglugerð. Þó má taka tillit til þessara aðgerða eða aðgerðaleyysis í síðari ákvörðunum, sem eru samþykktar í samræmi við þessa reglugerð, til að meta hvort um endurtekin atburð sé að ræða.
5. Framkvæmdastjórnin skal samþykkja ákvörðun um að leggja á fávíti eða ákvörðun um að leggja á sektir og fávíti í samræmi við viðeigandi verklagsreglur skv. 2. mgr. 12. gr. reglugerðar (EB) nr. 391/2009.
6. Framkvæmdastjórnin skal samþykkja ákvörðun um að afturkalla viðurkenningu viðurkenndrar stofnunar í samræmi við viðeigandi verklagsreglur skv. 3. mgr. 12. gr. reglugerðar (EB) nr. 391/2009.

20. gr.

Réttarúrræði, tilkynningar og birting

1. Framkvæmdastjórnin skal upplýsa hlutaðeigandi viðurkennda stofnun um þau réttarúrræði sem standa henni til boða.
2. Framkvæmdastjórnin skal tilkynna Siglingaöryggisstofnun Evrópu og aðildarríkjunum um ákvörðun sína í upplýsinga-skyni.
3. Þegar það telst réttlætandi, einkum á grundvelli öryggis- og umhverfisverndar, skal framkvæmdastjórnin birta ákvörðun sína opinberlega. Þegar framkvæmdastjórnin birtir upplýsingar um ákvörðun sína eða greinir aðildarríkjunum frá þeim skal hún taka tillit til lögmætra hagsmuna hlutaðeigandi viðurkenndrar stofnunar og annarra hagsmunaaðila.

21. gr.

Endurheimt sekta og févita

Framkvæmdastjórnin skal endurheimta sektir og févita með því að setja fram fyrirmæli um innheimtu og gefa út kröfu um endurgreiðslu, sem beint er til hlutaðeigandi viðurkenndrar stofnunar í samræmi við 78.–80. gr. og 83. gr. reglugerðar (ESB, KBE) Evrópuþingsins og ráðsins nr. 966/2012 ⁽¹⁾ og 80.–92. gr. framselddrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1268/2012 ⁽²⁾.

22. gr.

Fyrningarfrestir vegna álagningar sekta og févita

1. Réttur framkvæmdastjórnarinnar til að leggja sektir og/eða févita á viðurkennda stofnun, í samræmi við þessa reglugerð, fellur úr gildi að fimm árum liðnum, frá og með þeim degi sem aðgerð eða aðgerðaleyfi viðurkenndu stofnunarinnar verður ástæða þess að brot, sem er staðfest í samræmi við 3. gr. þessarar reglugerðar, var framið. Sé hins vegar um að ræða að áframhaldandi eða endurteknar aðgerðir eða aðgerðaleyfi sé ástæða brots skal fresturinn hefjast frá þeim degi sem aðgerðinni eða aðgerðaleyfinu lýkur.

Réttur framkvæmdastjórnarinnar til að leggja févita á viðurkennda stofnun, í samræmi við 15. gr. þessarar reglugerðar, fellur úr gildi að þremur árum liðnum, frá og með þeim degi sem aðgerð eða aðgerðaleyfi viðurkenndu stofnunarinnar, þar sem framkvæmdastjórnin óskaði eftir að gripið væri til fyrirbyggjandi ráðstafana og aðgerða til úrbóta, átti sér stað.

2. Allar aðgerðir framkvæmdastjórnarinnar og Siglingaöryggisstofnunar Evrópu, að því er varðar mat eða verklag við brot í tengslum við aðgerðir eða aðgerðaleyfi viðurkenndu stofnunarinnar, skulu verða til þess að viðeigandi fyrningarfrestur, sem er settur skv. 1. mgr., rofnar. Fyrningarfresturinn telst rofinn frá og með þeim degi sem viðurkenndu stofnuninni er tilkynnt um aðgerðir framkvæmdastjórnarinnar eða Siglingaöryggisstofnunar Evrópu.

3. Í hvert sinn sem fyrningarfrestur er rofinn hefst jafnlangur frestur að nýju. Fyrningarfresturinn skal þó ekki vera lengri en sem samsvarar tvöföldum upprunalegum fyrningarfresti, nema þegar gert er hlé á fyrningarfrestinum skv. 4. mgr.

4. Rjúfa skal fyrningarfrestinn vegna álagningar sekta eða févita á meðan ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar er til meðferðar hjá Evrópudómstólum.

23. gr.

Fyrningarfrestur vegna innheimtu sekta og févita

1. Rétturinn til að hefja innheimtuferli vegna sekta og/eða févita skal renna út einu ári eftir að ákvörðunin, skv. 19. gr., er orðin endanleg.

2. Fyrningarfresturinn, sem um getur í 1. mgr., rofnar ef framkvæmdastjórnin eða aðildarríki, sem kemur fram fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar, grípur til aðgerða til innheimtu sektanna og/eða févítanna.

3. Í hvert sinn sem fyrningarfrestur er rofinn hefst jafnlangur frestur að nýju.

4. Gera skal hlé á fyrningarfrestinum, sem um getur í 2. mgr., á meðan:

a) greiðslufrestur er veittur,

b) fullnustu greiðslu er skotið á frest samkvæmt ákvörðun Evrópudómstólsins.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 298, 26.10.2012, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 362, 31.12.2012, bls. 1.

24. gr.

Frestir

1. Frestirnir, sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð, skulu gilda frá deginum eftir að tekið hefur verið við orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar eða boðsending hefur verið afhent.
2. Ef um er að ræða orðsendingu, sem er beint til framkvæmdastjórnarinnar, skal litið svo á að farið hafi verið að viðeigandi fresti þegar orðsendingin hefur verið send með ábyrgðarpósti áður en viðkomandi frestur rennur út.
3. Við ákvörðun fresta skal framkvæmdastjórnin taka tillit til réttar til sanngjarnrar málsmeðferðar og sérstakra aðstæðna varðandi tilhögun hvernar ákvarðanatöku samkvæmt þessari reglugerð.
4. Lengja má frest, eftir því sem við á og þegar rökstudd beiðni berst um það, áður en upphaflegi fresturinn rennur út.

25. gr.

Samstarf við lögbær landsyfirvöld

Framkvæmdastjórnin skal einungis nýta upplýsingar, sem berast frá lögbærum landsyfirvöldum vegna beiðni frá framkvæmdastjórninni, í eftirfarandi tilgangi:

- a) til að annast þau verkefni sem þeim eru falin í tengslum við viðurkenningu viðurkenndra stofnana og eftirlit með þeim samkvæmt reglugerð (EB) nr. 391/2009,
- b) sem sönnun, að því er varðar ákvarðanatöku samkvæmt þessari reglugerð, sbr. þó 16. og 18. gr. þessarar reglugerðar.

V. KAFLI

LOKAÁKVÆÐI

26. gr.

Umsókn

Atburðir, sem áttu sér stað fyrir gildistöku reglugerðar (EB) nr. 391/2009, skulu ekki hafa í för með sér neinar ráðstafanir í samræmi við þessa reglugerð.

27. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 18. júlí 2014.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

José Manuel BARROSO

forseti.

VIÐAUKI

Fyrsti dálkur þessarar töflu vísar til viðeigandi ákvæðis í reglugerð (EB) nr. 391/2009 og I. viðauka hennar, sem, að því er varðar þessa reglugerð, er skipt í flokka viðmiðana og skyldna þar sem hver og ein telst ástæða fyrir einu broti. Að því er varðar skyldurnar, sem mælt er fyrir um í meginmáli reglugerðar (EB) nr. 391/2009, vísar fyrsti dálkurinn til viðeigandi greinar og málsgreinar. Ef um er að ræða viðmiðanir, sem taldar eru upp í I. viðauka þeirrar reglugerðar, vísar fyrsti dálkurinn til viðeigandi hlutar, viðmiðunar, undirviðmiðunar og ákvæðis.

Annar dálkurinn inniheldur almenna lýsingu á hverjum flokki, eingöngu í þeim tilgangi að auðvelda tilvísanir.

Ákvæði reglugerðar (EB) nr. 391/2009	Viðfangsefni samsvarandi flokka
4. mgr. 8. gr.	Birting niðurstaðna á endurskoðun á stjórn gæðakerfis
Viðmiðun B.4 í 1. mgr. 9. gr.	Aðgangur að upplýsingum og skipsskjölum
2. mgr. 9. gr.	Aðgangur að skipum
Fyrsti hluti 1. mgr. 10. gr.	Samráð um jafngildi og samhæfingu reglna og málsmeðferðar og um sameiginlega túlkun á alþjóðasamningum
Annar hluti 1. mgr. 10. gr.	Gagnkvæm viðurkenning
3. mgr. 10 gr.	Samstarf við eftirlitsyfirvöld hafnaríkis
4. mgr. 10. gr.	Upplýsingar fyrir framkvæmdastjórnina, aðildarríkin og aðra aðila, sem um er að ræða, að því er varðar, m.a., flokkaðan flota, tilfærslur, breytingar, niðurfellingar og útstrikun skipa úr flokki.
5. mgr. 10. gr.	Tækifæri fyrir fánaríkið til að veita ráðgjöf um þörfina fyrir alhliða skoðun þegar skip eru útstrikuð úr flokki eða þar sem flokknum er breytt áður en stofnunin gefur út lögboðið skírteini.
6. mgr. 10. gr.	Kröfur þegar um er að ræða tilfærslu flokks
1., 2., 3. og 5. mgr. 11. gr.	Gerðar séu allar nauðsynlegar ráðstafanir til að koma á, viðhalda og tryggja skilvirka starfrækslu einingar sem hefur með sjálfstætt gæðamat og vottun að gera í samræmi við kröfurnar í reglugerðinni.
Viðmiðun A.1	Kröfur um réttarstöðu lögaðila og úttekt
Viðmiðun A.2	Skjalfest fullnægjandi reynsla við að leggja mat á hönnun og smíði kaupskipa
Viðmiðun A.3, B.1 og g-liður B.7	Hæfilegur fjöldi starfsfólks með fullnægjandi hæfni, þjónusta um allan heim, sérstakir skoðunarmenn
Viðmiðun A.4 og a-liður B.7	Setja og viðhalda alhliða reglum um flokkun og setja og viðhalda verklagsreglum
Viðmiðun A.5	Skipaskrá
Viðmiðun A.6	Óhæði, óhlutdrægni og hagsmunaaðrekstrar
Viðmiðun A.7, fyrsti hluti c-liðar B.7 og k-liður B.7	Kröfur um lögboðin verk, að undanskildum ISM-kóðanum
Viðmiðun B.2	Síðareglur
Viðmiðun B.3	Viðeigandi upplýsingar sem stjórnvald krefst að farið sé með sem trúnaðarmál

Ákvæði reglugerðar (EB) nr. 391/2009	Viðfangsefni samsvarandi flokka
Viðmiðun B.5	Hugverkaréttindi skipasmíðastöðva, birgja búnaðar og skipseigenda
Viðmiðun B.6, annar hluti b-liðar B.7, annar hluti c-liðar B.7, i-liður B.7 og B.8	Gæðastjórnarkerfi, þ.m.t. skrár
Fyrsti hluti b-liðar í viðmiðun B.7	Framkvæmd reglna um flokkun og verklagsreglna
Viðmiðun d-liðar B.7	Skipting ábyrgðar, heimilda og innbyrðis tengsl milli starfsfólks
Viðmiðun e-liðar B.7	Starfsemi fari fram undir eftirliti
Viðmiðun f- liðar B.7	Eftirlit með starfi eftirlitsmanna og annars starfsfólks
Viðmiðun h-liðar B.7	Kerfi um þjálfun og hæfismat eftirlitsmanna
Viðmiðun j-liðar B.7	Heildarkerfi fyrir innra gæðæftirlit í öllum deildum
Viðmiðun l-liðar B.7	Ábyrgð og eftirlit með svæðisskrifstofum og eftirlitsmönnum
Viðmiðun B.9	Bein reynsla og mat
Viðmiðun B.10	Alþjóðakóði um öryggisstjórnun skipa (ISM-kóði)
Viðmiðun B.11	Þátttaka aðila sem koma að þróun reglna og verklagsreglna